

Góðan og margblessaðann daginn.

Kæru nýstúdentar, kennarar, stoltir foreldrar og aðrir ættingjar og vinir sem voru of kurteisir til að segja nei um að koma hingað í dag.

Guðmundur Jensson heiti ég og starfa sem landvörður í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Ég útskrifaðist hér úr Fjölbrautaskóla Snæfellinga árið 2014 sem eru jú, 5 ár síðan. Ég verð að segja að ég fékk smá svona menntaskóla „flashback“ þegar Sólrún Guðjóns hringdi í mig á miðvikudaginn til að gefa mér verkefni sem ég átti svo að skila á laugardaginn næstkomandi. Náttúrulega tók ég því verkefni, beið til hálf tólf á föstudegi og flýtti mér í það að semja ræðu um hversu gamall ég er orðinn. Í dag er ég núna giftur, búin að eignast barn, kaupa mér fjölskyldu bíl, hús og búin að ráða mig í nýja vinnu, allt á innan við ári.

Ég var í FSN í fimm ár, sem er jú kannski dálítið langur tími en það er ekki hægt að segja að það var kennurunum að kenna, en ég var ekki beint það sem þið kallið „framúrskarandi nemandi“ en það líka sýnir bara það hvað þetta er geggjaður skóli, þeim tókst að gera mig að framhaldskóla stúdent eins og þið hér eruð að verða hér í dag. Það kemur sér mjög vel fyrir að hafa þessa gráðu þar sem í dag er þetta nánast lífsnauðsynlegt að hafa til að fara út á vinnumarkaðinn og sækja um skóla annarsstaðar. Ég t.d. sótti um að komast í leiðsöguskólann í MK og fékk þar inn og það var vegna þess að ég var með stúdentspróf og kunni góða ensku.

Eitt sem lætur þennan skóla standa upp úr frá öðrum skólum er hvað hann er tæknivænn, mikil notkun á tölvum sem er bæði mjög gott fyrir nemendur og líka ekki svo gott. Dæmi: það sem er gott við þetta er að framtíðin er rafræn, það er bara þannig, og nú er tölvur notaðar í hinum ýmsum störfum. Það er gott að hafa þessa tölvu kunnáttu, hvernig á að nota þær og hvernig er best að leita að heimildum (ekki Wikipedia). Ókosturinn er að það var orðið virkilega erfitt að svindla á prófum. Alltaf einhverjar bætingar til að passa að maður hoppar ekki yfir á Google.

Annað sem mér finnst flott við þennan skóla er hvað það eru fá kennsluherbergi. Hérna í þessum sal er hægt að kenna 5 – 6 mismunandi greinar. Voru læti? Já, stundum. En þetta hjálpaði manni líka að kynna fólkinn í kringum sig og hverja maður ætti ekki að reyna kynna eitthvað mikið nánar. En svo líka bara hvað þessi skóla gerði mann að betri manni.

En það var lítið sem ekkert varað mig við hvað kæmi eftir skólagönguna. Þið kannski hélduð að það erfiðasta sem þið gerðuð væri að læra undir próf og útskrifast (hlæja og benda). Leyfið mér að sprengja sápuvísi sakleysisins en lífið á núna eftir að keyra á ykkur eins og Boeing 737 MAX flugvél. Núna eins og faðir minn sagði við mig eftir útskrift „núna byrjar alvaran“. Það hefði verið fínt að hafa fengið að læra:

- Að skila skattaskýrslu.
- Á þvottavél og þurrkara.
- Skipta um bleyjur.
- Gera greiðsluáætlun fyrir mánaðarlega kostnað vegna rekstur heimilsins.
- Sækja um verðtryggt og óverðtryggt lán og borga vexti af verðbótum.

En ég býst við að á einhverjum tímapunkti kemur að því að nota Algebra (einmitt...).

En í lokin vill ég bara þakka fyrir mig og takk fyrir að bjóða mér hingað aftur og leyfa manni að sjá þennan stað sem maður lærði svo mikið, bæði frá kennurum og með því að vera í nefndum (t.d. var ég kjörin forseti nemendafélagsins og sínum tíma) og takast á við marsgkonar missmunandi verkefni sem hjálpaði manni að móta framtíðina sína. Seinast þegar ég var með ræðu hér var einmitt fyrir 5 árum og einum degi síðar, og þá endaði ég ræðuna á því að vitna í kvikmynd og ætla ég að gera það aftur hér, þannig mín lokaorð eru til ykkar kærri nýstúdentar:

„Life moves pretty fast, if don't stop and look around once in a while, you could miss it. – Ferris Bueller's Day off.

Takk fyrir mig og njótið dagsins!